


Jólablað Jökuls
2024





Gleðileg jól & farsælt komandi ár!

Við óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og hlökkum til að taka á móti ykkur á nýju ári.



Jólahugvekja



Friður sé með okkur

Senn líður að jólum og Kirkjufellið er komið í jóla-klæði. Fallegt er um að líta hér í Grundarfirði þar sem að drifhvít mjöll hefur lagst yfir allt. Þó að hjarnið sé kalt þá er það

þessi hvíti litur sem að gefur svo mikla birtu inn í skammdegið. Hvíti liturinn í kirkjunni okkar táknar hreinleika, gleði, ljós og sakleysi sem er einmitt það sem að við fögnum á jólum þegar að við tökum á móti frelsara okkar opnum örmum sem birtist í barni á jólum.

Það skemmtilegasta sem að prestar fást við á aðventu er að fá börnin í heimsókn, þau koma nefnilega með fangið fullt af öllu því sem dýrmætast er, í augum þeirra blíkar gleði, tilhlökkun og fjör. Þau finna að það er eitthvað stórkostlegt að fara að gerast. Mörg okkar minnst þessarar tilfinningar, sakna hennar og þrá að finna fyrir henni. Þessari djúpu og sönnu tilfinningu sem fyllir okkur af friði og gleði.

Ég heyrði fallega sögu á dögnum um ungan dreng sem beið eftir jólnum. Hann sagði

mér nú sem fullorðinn maður að það hefði tíðkast að þögn var í klukkustund í útvarpinu fyrir helga stund. Þegar foreldrar hans voru búnir að skreyta jólatréð var hurðin opnuð inn í stofu og tréið blasti við í allri sinni dýrð. Í útvarpinu hljómuðu kirkjuklukkan, sálmurinn „sjá himins opnast hlið“ var sunginn og jólaguðspjallið hljómaði. Hann lýsti svo vel þeim hughrifum sem hann varð fyrir um helgi jólanna, hvernig hjartað opnaðist og um það flæddi friður.

Það sem ég tek með mér frá þessari sögu er hvernig friðurinn er umlukinn kyrrð. Það er þögn, svo eru taktfastar kirkjuklukkan sem bjóða okkur inn í helgidóminn. Fallegur söngur og texti sem lýsir svo vel stundinni og því sem við upplifum á jólum í gegnum guðspjallið. Það að fara sér hægt og leyfa undrinu að birtast. Við erum

nefnilega stundum á aðventunni eins og við séum á vertíð. Við höfumst við að gera allt klárt, við erum að drífa okkur því að við þurfum að gera og klára svo margt.

Undrið birtist nefnilega í blessuðum börnunum sem koma færandi hendi og hengja listaverk sem þau hafa perlað á jólatréð í kirkjunni sinni, syngja og kveikja á aðventuljósum, fá sér svo súkkulaði með þeyttum rjóma og piparköku áður en þau halda af stað í jólafötum inn undir þykkum snjögöllum svo skín í rauðar skotthúfur í snjónum. Bros og hjartar raddir, þakklæti og gleði.

Megi Guð gefa okkur fallegar minningar, frið í hjarta og gleðileg jól.

Sr. Laufey Brá Jónsdóttir



Opnunartími yfir jólin

Mánud. 23. des.	Þorláksmessa	09.00 - 21.00
Þriðjud. 24. des.	Aðfangadagur	09.00 - 13.00
Miðvikud. 25. des.	Jóladagur	Lokað
Fimmtud. 26. des.	Annar í jólum	Lokað
Föstud. 27. des.		09.00 - 20.00

*Gleðilega hátíð
Þökkum viðskiptin á árinu*

**KASSINN**
ÓLAFSVÍK
Norðurtangi 1 - s. 436 1376

Jól hefða

Eftirfarandi erindi fluttu feðginin Marek og Lena Imgront á Aðventuhátíð Kvenfélags Ólafsvíkur í Ólafsvíkurkirkju þann 1. desember sl.

Á okkar heimili byrja jólin með... kaos.

En það er líka mikið hlegið og það eru margar hefðir. Agnieszka segir að hefðir séu mikilvægastar. Um miðjan desember segir Marek alltaf, að í ár munum við hafa það rólega.

Og hann segir alltaf við Agnieszku...

- Ekkert stress, elskan!

Viku fyrir aðfangadagskvöld breytist Agnieszka í besta skipuleggjanda í heiminum. Hún hengir lista á ísskápinn sem heitir : "12 réttir fyrir jólin", „Skreytingar“ og „Hver gerir hvað“, „Hvað á að kaupa“. En af hverju eru 12 réttir ef ekki allir borða þá? Vegna þess að það er hefð og réttirnir tákna postulana tólf. Hefð segir að þú þurfir að prófa alla rétti til þess að vera heppinn allt árið í kring.



En réttirnir eru allir kjötlausir. Þess vegna byrjar Agnieszka daginn áður að elda. Og þar sem hún hefur mikla vinnu fyrir höndum er hún stressuð og

þá er betra að labba ekki inn í eldhúsið. Agnieszka eldar rauða súpu úr rauðrófum, þurrkaða sveppasúpa, sveppasósu, fisk í grænmeti, pönnukökur með

káli og sveppum, og svo auðvitað gerir hún 200 hálfmána, því við borðum helminginn af þeim fyrir aðfangadagskvöld. Þeir eru svo góðir. Pierogi, eða hálfmán-



Gleðileg jól!

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Með þakklæti fyrir hið liðna.

Hittumst hress og kát á nýju ári!

Með hátíðarkveðju,
starfsfólk Íþróttamannvirkja



	Sundlaug	Íþróttahús
23. des	07:30 - 21:00	10:00 - 20:00
24. des	10:00 - 12:00	LOKAÐ
25. des	LOKAÐ	LOKAÐ
26. des	LOKAÐ	LOKAÐ
27. des	07:30 - 21:00	10:00 - 20:00
28. des	10:00 - 18:00	LOKAÐ
29. des	10:00 - 18:00	LOKAÐ
30. des	07:30 - 21:30	LOKAÐ
31. des	10:00 - 12:00	LOKAÐ
1. jan	LOKAÐ	LOKAÐ



ar, voru alltaf gerðir af ömmu Jönku, og þegar hún var farin, hjálpuðu Hanna og Lena við að setja þá saman. Svo þarf að útbúa síld í rjóma og olíu. Það eru ekki margar síldar því Marek borðar þær allar fyrir kvöldmat. Lena og Hanna búa til salöt. Karðtöflusalatið er best.

Mikilvægasti dagur hátíðanna er aðfangadagskvöld, 24. desember. Í fyrramálið er strax komin lykt af matreiðslu í loftið. Hanna og Lena leggja á borð. Þær setja hvítan dúk á borðið og setja hey undir dúkinn, vegna þess að Drottinn Jesús fæddist í jötu á heyi. Á borðinu útbúum við alltaf einn auka disk fyrir óvæntan gest.

Á miðju borði er diskur með oplátek (þurrkuðu brauði). Við byrjum kvöldmatinn þegar við sjáum fyrstu stjörnuna á himninum. Við byrjum kvöldverðinn með bæn og við brjótum brauðið á milli okkar og gefum hvort öðru hamingjuóskir. Meðan á kvöldmat stendur eru allir glaðir. Við prófum alla rétti. Agnieszka gleymir því að hún var stressuð og stelpurnar segja skemmtilegar sögur. Eftir matinn, þegar við erum að hreinsa

borðið, kemur jólasveinninn.

Enginn sér hann, en gjafir birtast alltaf undir jólatrénu. Eftir að búið er að opna gjafirnar er hann enginn skiptir sér af því lengur. Agnieszka býr til kaffi, stelpurnar drekka malt og appelsín og við borðum öll kökur. Við syngjum líka fullt af jólalögum. Þetta er líka pólsk hefð, að syngja saman.

Við trúum því að dýr tali með mannaöddum að miðnætti. En við höfum ekki heyrt hundinn okkar Carmel tala ennþá. Marek talar alltaf við hann, en Carmel hefur ekki svarað honum enn. Kannski er hann ennþá of lítill?

Í Póllandi er messa klukkan 12 á kvöldin. Þetta er sérstök messa sem hefst á miðnætti. Það minnir okkur á að Jesús fæddist þessa nótt. Eftir miðnætti má borða kjöt. Þess vegna, á annan dag jóla, borðum við svínakjöt, nautakjöt, skinku og pylsur og bigos. Bigos er kál með kjöti og beikon.

Næstu tvo dagana heimsækjum við fjölskyldu og vini eða höfum það kósý heima. Við slökum á, horfum á jólamyndir og syngjum jólalög. Þegar við heim-



12 réttir komnir á borðið.

sækjum einhvern, syngjum við alltaf eitt jólalag við útidyrnar. Ef við syngjum ekki, hleypa þeir okkur ekki inn. Kannski hafið þið heyrt okkur syngja í Ólafsvík?

Í Póllandi snúast jólin ekki aðeins um að borða mat. Þetta er tími umhugsunar og tími til að hjálpa öðrum. Þess vegna eru körfur í matvöruverslunum, þar sem þú getur sett hvaða vörur sem þú vilt kaupa, til dæmis brauð, hveiti, sælgæti og síðan er þessum vörum dreift til fátækra. Margir útbúa jólapakka fyrir þá sem eru í neyð, eða útbúa kvöld-

mat fyrir þá sem eru einmana.

Pólsk jól eru mjög ánægjulegur tími, þar sem við hittumst öll saman og njótum hefðanna, þessara sem Agnieszka talar alltaf um.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og að þið getið hvílt ykkur á þessum tíma, með fjölskyldu og vinum. Megi þetta verða ánægjulegur tími. Og við óskum ykkur risastórra gjafa frá jólasveininum.

Fedginin Marek og Lena Imgront

Jólasögusamkeppnin

Aðfangadagsmorgun



Sagan er um síðasta jólasveininn sem heitir Kertasníkir.

Það er 24. desember.

Kertasníkir var að koma til byggða að gefa krökkunum í skóinn. Þegar hann var á leiðinni festist hann upp í fjalli í snjónum af því að það var snjóstormur um nóttina.

Allir krakkarnir voru búnir að hlakka til að vakna á aðfangadagsmorgun til að kíkja í skóinn og sjá hvað Kertasníkir

myndi gefa þeim. Þegar krakkarnir vöknudu þá var ekkert í skónum þeirra. Allir krakkarnir fóru að gráta af því að þau voru leið yfir að hafa ekki fengið neitt í skóinn.

Mamma og pabbi þeirra sögðu að þetta væri örugglega bara einhver misskilningur, þeim grunadi að Kertasníkir hafi verið í vandræðum við að komast til byggða.

Foreldrarnir sögðu krökkunum að vera ekki leið, þau myndu fá margar gjafir um kvöldið þegar þau myndu opna pakkana sem væru undir jólatrénu þeirra.

Kertasníkir gaf bræðrum sínum merki um að hann væri í vanda. Þegar þeir sáu merkið frá honum fóru þeir að aðstoða hann þannig hann gæti farið til byggða með gjafirnar. Hann var pikkfastur í snjónum og þeir þurftu allir að hjálpast að við að toga hann upp úr öllum snjónum. Kertasníkir pakkaði þeim vel fyrir aðstoðina en það var orðið of seint að fara með gjafirnar því

krakkarnir voru að vakna.

Kertasníkir ákvað því að fara á Jólanótt og gefa öllum krökkunum gjafirnar. Hann spurði bræður sína hvort þeir gætu hjálpað honum að fara með gjafirnar því hann var mjög þreyttur eftir að hafa verið fastur í snjónum alla nóttina. Þeir svöruðu allir saman í kór: „já, auðvitað getum við hjálpað þér með allar gjafirnar til byggða“. Allir jólasveinarn-

ir hjálpuðust við að setja gjafirnar í gluggana hjá krökkunum þó að þau væru búin að taka skóna úr gluggunum.

Þegar krakkarnir vöknudu á jóladag voru þau mjög glöð að sjá gjafirnar frá Kertasníki í glugganum þeirra.

Pétur Pétursson

Óskum viðskiptavinum og Snæfellingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu
sem er að líða.



SÓLARSPOURT

LÍKAMSRÆKT · SÓLBADSTOFA

SÍÐAN 1998



Aðventan á Fellaskjólí

Aðventunni hefur verið haldið hátíðlega á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Fellaskjólí í Grundarfirði þar sem að starfsfólk og gestir hafa undirbúið ýmsa viðburði til þess að gleðja íbúa heimilisins í skammdög- inu. Skólakórinn og tónlistar- skólinn hafa flutt falleg jóla- lög eins og þau gera ár hvert. Á Sunnudögum koma svo tón- listagæstir og gleðja íbúa með vel valin jólalög. Olga Sædís Aðalsteinsdóttir var með að- ventu skyggisýningu af lið- um jólum í Grundarfirði sem

vakti mikla lukku. Haldin voru jólamót í Boccia og félagsvist þar sem íbúar mættu í kepp- isskapi. Hjónin Hjalti Allan Sverrisson og Lísa Ásgeirsdótt- ir buðu svo íbúum á jólarúnt um bæinn til þess að skoða jólaljósín, hlusta á jólatónlist og drekka saman kakó. Svo er gaman að segja frá því að kom- in er nýr fjarskiptibúnaður á milli kirkjunnar og heimilisins og gátu þau því horft á aðventu- stund kirkjunnar og jólatón- leika sönghópsins MÆK í beinu streymi.



Óskum öllum íbúum Snæfellsbæjar
gledilegra jóla og fjarsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu.



J.T. Trésmíði s.l.f.
Snæfellsbær
Jón Tryggvason
Húsa- og vélsmíðameistari sími: 894-1051



Jóla-*kveðja*



Félag eldri borgara í Snæfellsbæ
óskar Snæfellsbæingum og öðrum velunnurum
gledilegra jóla, árs og fríðar.

Með þökk fyrir allt gott á liðandi ári.

Stjórnin.



Jólaleikrit á leikskólunum



Uppbrot í skólum og leikskólum í aðdraganda jólanna er nauðsynlegt og er lagt mikið í að börn og starfsfólk njóti ánægjulegra stunda saman fyrir hátíðarnar.

Miðvikudaginn 27. nóvember kom Þórdís Arnljótsdóttir, leikona, í heimsókn á leikskóla Snæfellsbæjar með leikhús úr tösku. Sýningin heitir Grýla og jólasveinarnir og bregður Þór-

dís sér í gervi grýlu og jólasveinanna þrettán og fer með kvæði Jóhannesar úr Kötlum um jólasveinana.

Þórdís heimsótti bæði Krílakot og Kríuból með þessa fráberu sýningu sem náði vel til allra aldurshópa og skemmtu allir sér vel. Sýningin var í boði foreldrafélags Krílakots og foreldrafélagsins Leiks á Kríubóli.

SJ



Jóla­kveðja frá Jaðri

Sendum öllum bæjarbúum okkar bestu jóla- og nýársós­kir með kærri þökk fyrir hlýhug á árinu sem er að líða.

Jóla­kveðja,

Íbúar, starfsfólk
og stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars



Þvörusleikir og töfrar jólanna



Fyrir langa löngu fyrir svona 10 árum, þegar allir jólasveinarnir voru á verkstæðinu og voru að smíða gjafir þá tók Þvörusleikir eftir einhverju sem var að væflast um allt verkstæðið. Þvörusleikir var sá eini sem tók eftir þessu fyrirbæri og potaði í Askasleiki og sagði honum frá fyrirbærinu sem væri að væflast um. En Askasleikir tók ekki mark á honum það er út af því að allir jólasveinarnir sögðu að hann þyrfti fyrst að hætta að fara út í horn að sleikja þvöru. En Þvörusleikir gat ekki hætt því svo hann hætti að reyna. Þvörusleikir skyldi ekkert afhverju hann mætti ekki sleikja þvörunna sína en Askasleikir mætti sleikja askana sína. Fyrst engin tók mark á honum horfði hann í átinna þar sem kötturinn hafði staðið síðast en kötturinn

var ekki þar. Kötturinn hafði fært sig og var nú að fíkta í jólasveinafötunum ó nei hann var að rífa allar jólasveina húfurnar það þýddi að jólatöfrarnir væru ekki lengur hjá mannfólkinu. Allt í einu fóru jólasveinarnir að týnast út en engin tók eftir kettinum og þeir löbðu bara út án þess að leita í hillunni og fóru húfulausir út það var engin jólagleði. Þegar allir jólasveinarnir voru farnir út fór Þvörusleikir að litast um eftir kettinum ó nei kötturinn var allur út í rauðu flaueli og hvítum dúskum. Þvörusleikir varð að elta köttinn, Þvörusleikir rauk af stað út á eftir kettinum. Kötturinn var að labba í einhvern skóg, mjög dimmann skóg Þvörusleikir heyrði allskonar hljóð og varð svo hræddur að hann pissaði næstum í sig. Kötturinn og Þvörusleikir voru búinn að labba dágóðastund þegar kötturinn stansar Þvörusleikir lítur í kringum sig og sér risa stóran stein sem er eins og jóla húfa í laginu. Allt í einu heyrir rödd djúp og dimm rödd og röddinn segir „Velkominn Þvörusleikir“ hvernig vissi röddinn nafnið hans en röddinn hélt áfram „þú verður að hjálpa okkur, við álfarnir þurfum jólasvein“. Þvörusleikir hugsaði fyrir hvað þurfa álfarnir jólasvein „Við þurfum jólasvein til að opna þennann stein“. hvernig

ætti Þvörusleikir að opna einhvern stein en röddin var ekki búinn „þú þarft að gera eitthvað jólagegt“. Það var eitthvað sem Þvörusleikir gerði vel. Þvörusleikir byrjaði að dansa í kringum steininn og syngja göngum við í kringum. Þegar Þvörusleikir var búinn að syngja þó nokkur lög og var orðin þreyttur í fótunum þá opnaðist steininn upp á gátt. Allt í kringum Þvörusleikir stöðvaðist. Þvörusleikir leit skelfdum augum á steininn það var einhver fyrirbæri

í steininum. Fyrirbærinn kom út þetta voru þakkara álfar þeir flugu svo ótrúlega hratt með jóla töfraduftið fallettum jólapokum og fóru að dreifa jólagleðinni út um allt Ísland. Þvörusleikir fór aftur upp í hellinn og viti menn allir jólasveinarnir voru komnir með nýja jólasveinahúfu og jólagleðin komin aftur. En aldrei aftur sást eða heyrðist af kettinum og röddinni.

Júliá Rós Guðbjartsdóttir



Óskum viðskiptavinum okkar og Snæfellingum öllum gleðilegra jóla.

Við þökkum viðskiptin á árinu.

Jólasurningar



Sylvía Rún Guðnýjardóttir

Hvað kemur þér alltaf í jólaskap?

Börn að syngja jólalög

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Aðfangadagskvöld á Sæbóli 32 og góður matur

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Þegar við vorum öll fjölskyldan saman og ég fékk að lesa á pakkana

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Ég fékk VHS spólu og það voru amerískir „rokklingar“ og þeir sungu We are the world. Einnig geisladiskur með The Boys og svo þegar ég fékk gítar.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Lambalæri, brúnaðar kartöflur, gular baunir, heimagert hrásalat og brún sósa. En mér finnst mikilvægt að geta fengið hangikjöt.

Hvað finnst þér besta jólagagið?

Hátíðarskap það minnir mig á mömmu og Hjöddu að syngja á jólnum.

Útgáfa Jökuls á næstunni

Jökull kemur ekki út milli jóla og nýárs. Næsta blað kemur út 9. janúar 2025.

Snæfellingum óskum við gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu.




STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Jólatréð skreytt í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Starfsfólk Þjóðgarðsmiðstöðvar Snæfellsjökulsþjóðgarðs tóku fagnandi á móti desember með líflegri heimsóknnum frá krökkum af elstu deildum leikskóla Snæfellsbæjar ásamt nemendum úr 1.-4. bekk grunnskóla Snæfellsbæjar. Krakkarnir komu allir með jólasbraut á jólatréð sem stendur í Þjóðgarðsmiðstöðinni en þetta er í annað skiptið sem krakkarnir hjálpa til við að skreyta tréð. Jólatréð var fengið hjá Skógræktarfélagi Ólafsvíkur. Þema skreytinganna í ár voru fuglar og fengu krakkarnir aðstoð frá jólasveini þjóðgarðsins við að setja skrautið á tréð. Að því loknu var dansað og sungið í kringum fallega jólatréð sem þau hjálpuðust að við að skreyta.

JJ



Sendi öllum ættingjum og vinum mínar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir það liðna.

Kær kveðja
Bjarni Ólafsson, Geirakoti



JÓLAKVEÐJA

Við í stjórn Umf Víkinga/Reynis óskum öllum okkar iðkendum, fjölskyldum þeirra og bæjarbúum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og þökkum fyrir ánægjuleg samskipti og stuðning á árinu sem er að líða.

Áfram Umf Víkingur/Reynir

Tinna Ýr - Margrét Eva -Viktória -Hjörtur og Kristjana

Jólatrí verður hjá okkur frá 20.des- 6.jan, báðir dagar meðtaldir.

Við byrjum aftur þriðjudaginn 7.jan



Jólasurningar



Björn Haraldur Hilmarsson

Hvað kemur þér alltaf í jólasöfnun?

Þegar öll fjölskyldan kemur saman nokkrum dögum fyrir jól og framundan er samvera í góðan tíma. Og að auki þá skemmir það ekki jólaandann að hafa nýfallin snjó.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Ég man ekki eftir öðru frá æskunni enn að það væri gervi jólatré heima hjá mér. Mínn fyrsta minning er þegar það var sótt í geymsluna og sett saman, grein fyrir grein. Mér fannst þetta vera stærsta og flottasta jólatréið.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Þær eru margar minningarnar sem ég á enn þær sterkustu eru eftir að ég kynntist Guðríði minni og við eignuðumst drengina okkar þrjá. Nánast undartekningalaust vorum við hér í Ólafsvík yfir hátíðarnar í faðmi fjölskyldu Guðríðar. Þessar minningar eru mér mjög kærar.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Allar gjafir frá mínum nánustu eru eftirminnilegar og get ég ekki gert upp á milli þeirra.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Hamborgarahryggur með brúnuðum kartöflum, ananas, grænum baunum,rauðkáli, rabbarasultu og brúnni sósu. Það vantar mikið þegar þetta er ekki í matinn á aðfangadag. Svo er maður að borða restar á jóladag. Ég fæ vatn í munninn þegar ég hugsa um þetta.

Hvað finnst þér besta jólagjöf?

Gleði og friðarjól með Pálma Gunnarssyni.

Gledilega hátið



Snæfellsbær óskar íbúum Snæfellsbæjar, nærsveitungum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

*Fyrir hönd bæjarstjórnar og starfsfólks Snæfellsbæjar,
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri*



Viðtal við Þorgrím Toftum

Dýrmætt að eiga góða að

Þorgrímur Toftum er fæddur í bænum Vogu á Suðurey í Færeyjum árið 1940. Hann er einn af tíu systkinum og var hann næst yngstur af hópnnum. Í Vogu bjó hann ásamt foreldrum sínum og systkinum í litlu 65 fermetra húsi. Faðir hans var sjómaður og var því lítið heima en það var oft þröngt í búu á heimilinu. Fjölskyldan bjó við mikla fátækt en

það bjargaðist þó alltaf. Jólin á heimilinu voru haldin hátíðleg með fallega skreyttu jólatré sem var umvafið pökkum. Innihald pakkanna var oftast nær sokkar eða annað sem hægt var að út-búa heima og ríkti mikil gleði og spenna meðal barnanna yfir hátíðirnar. Eitt árið kom faðir Togga heim með vörubíl eftir ferð erlendis, þá var mikil



Vogu í Færeyjum, fæðingarbær Þorgríms.

Gledilega hátíð og heillaríkt komandi ár, þökkum liðnar stundir.
Kær jólakveðja



SNÆFELLSJÖKULLSJÚKULLS
ÞJÓDGÁRDUR



Þorgrímur ásamt foreldrum sínum og systkinum, hann er annar frá hægri í fremri röð.

spenna og fóru börnin strax út að leika sér með hann. Það var þó eina skiptið sem leikið var með þann bíl því að eftir það sást hann ekki meir og var gleðin og spennan fljót að breytast yfir í mikla sorg. Enn þann daginn í dag er ekki vitað hvað varð um bílinn. Seinna flutti fjölskyldan í stærra húsnæði í Vogu og með því breyttust jólin og urðu örflítið hefðbundnari. Jólamaðurinn var yfirleitt lambakjöt, lambið var alið á bænum en mikið var um sjálfsþurftarþúskap í þá daga. Þá minnst hann þess þegar bæjarbúar fengu sér gæs í búr einum eða tveimur mánuðum fyrir jólin. Hver og einn sá þá um að fódra sína gæs svo að jólamaturinn yrði sem bestur. Þegar kom að jólnum var þeim svo slátrað og bornar fram yfir hátíðarnar.

Hernám Breta

Færeyjar voru hernumdar af Bretum þann 12. apríl 1940 í kjölfar hernáms Þjóðverja á Danmörku 9. apríl sama ár. Þorgrímur minnst Bretanna sem komu til Færeyja. Voru þeir fjölmargir sem unnu í Vogu og voru þeir hluti af söfnuði Sjöunda dags aðventista. Þeir mættu í kirkju með heimamönnum og voru áberandi í samfélaginu. Komu þeir alltaf með flösku af bleikum safa með áföstum smellutöppum með sér sem börnin voru sólgin í. Börnin erindudust fyrir Bretana, hlupu í bakarið fyrir þá og sóttu vinarbrauð og að launum fengu þau flösku af safa. Þótti hann mjög lúffengur, en það þótti reyndar allt sem börnin komu höndunum yfir.



Breskur hermaður ásamt tveimur Færeyskum drengjum, myndin er tekin í Þórshöfn á hernámsárunum.



Halla og Þorgrímur.

Erfitt að aðlagast

Árið 1955, þegar hann var 15 ára, flutti Toggi til Íslands með þann draum að verða kúreki á Íslandi. Vann hann fyrsta ár sitt við bústörf á bænum Laxnesi í Mosfellssveit og upplifði þar sín verstu jól. Var hann bara barn, Færeyingur sem var ný fluttur til Íslands, bjó hjá ókunnugu fólki fjarri fjölskyldu sinni, skildi ekki málið og þekki ekki menninguna. Ári síðar vann hann við bústörf á Móum á Kjalarnesi og átti þar heldur ánægjulegri jól. Það varð þó ekki fyrr en Toggi giftist Hallveigu Magnúsdóttur árið 1964 og þau flytja saman að Ytri-Tungu í Breiðvík árið 1964 sem jólin urðu aftur hátíðleg.

Halda fast í hefðir

Færeysku hefðirnar urðu al-farið eftir í heimalandi Togga og halda þau Halla upp á alíslensk jól. Hafa þau komið sér upp hefðum með nánustu ættingjum, börnum og seinna barnabörnum og barnabarnabörn-

um. Þegar þau fluttu til Ólafsvíkur fór Toggi oft ásamt svila sínum, Emanúeli Ragnarssyni, á aðfangadegi yfir á Búðir með pakkasendingu. Tengdaforeldrar þeirra, Magnús Einarsson og Guðný Oddsdóttir voru þá með búskap á Búðum og var það fastur liður að ferðast með pakkana yfir Fróðárheiði. Klikaði þó ekki að þeir keyrðu yfir heiðina í blíðskaparveðri en alltaf gerði vitlaust veður þegar kom að heimferð og voru þeir stundum að koma aftur heim seint á aðfangadagskvöld. Þá beið maturinn eftir þeim og jólin haldin hátíðleg með fjölskyldunni í seinna fallinu. Nú þegar þau eru flutt aftur vestur til Ólafsvíkur eftir að hafa búið í sumarbústaðnum sínum í Kjósinni til nokkurra ára verður tekið aftur upp sú hefð að ferðast yfir á Búðir á aðfangadag, þó ekki til að sendast með pakkana heldur til að heim-sækja látna fjölskyldumeðlimi og ættingja í kirkjugarðinum.



Þorgrímur og Halla ásamt dætrum sínum. Frá vinstri, Súsanna Guðný, Soffía Milla, Unnur Tedda og Irma Dögg.

Alltaf skata á Þorláksmessu

Jólahátíðin snýst að mestu um samveru með stórfjölskyldunni en Toggi og Halla eru rík á því sviði. Eiga þau fjórar dætur, níu barnabörn, fimm barnabarnabörn og eitt á leiðinni. Mikil samheldni er hjá fjölskyldunni og þar eru allir sem einn. Toggi talar um dætur sína, tengdasyni, barnabörn og barnabarnabörn með miklu stolti og halda þau í dýrmætari hefðir sem fjölskylda.

Hjónin elda alltaf skötu á Þorláksmessu fyrir fjölskylduna, áður buðu þau í sumarbústaðinn í Kjósinni en nú verður skötuveislan heima hjá þeim og er þetta fastur liður jóllanna fyrir mörgum. Jólin halda þau í rólegheitum í faðmi fjölskyldu og annan í júlum hittist svo stórfjölskyldan öll í jólaboði. Það er dýrmætt að eiga góða að og er alltaf líf og fjör í kringum þau hjónin, alveg eins og þau vilja hafa það.

SJ

Óskum Snæfellingum
glæðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.



MAGNÚS SH-205
Skarðsvík ehf.

Bestu óskir um glæðileg jól og farsælt komandi ár.

Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða.



Eiríkur Gautsson,
múrarameistari

Bókagjöf til Grunnskóla Snæfellsbæjar



Í sl. viku færði Sjómannadagsráð Ólafsvíkur Grunnskóla Snæfellsbæjar að gjöf fimm bækur af innbundnum sjómannadagsblöðum. Blöðin eru alls 32 og eru í falletgu bandi. Fyrstu tvö blöðin hétu Sjómannadagurinn í Ólafsvík og eru frá 1987 og 1991 en frá árinu 1995 til 2024 hefur blaðið heitið Sjómannadags-

blað Snæfellsbæjar. Blöðin hafa að geyma margvíslegan fróðleik um sjómennsku og fiskvinnslu í Snæfellsbæ auk fjölda greina og mynda um menn og málefni.

Það er von Sjómannadagsráðs að bæði nemendur og kennarar geti nýtt sér efni blaðanna bæði til náms og fræðslu á komandi árum. Þá má segja frá því að

unnið er með Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn að setja öll útkomin blöð inn á tímarit.is og þá eru þau betur aðgengileg.

Hilmar Már Arason skólastjóri þakkaði gefendum bókagjöfina og sagði ekki vafa á að hún myndi nýtast skólanum vel til að vinna efni úr bæjarfélaginu.

Myndin er tekin er bækurn-

ar voru afhentar skólastjóra Snæfellsbæjar, Hilmar, Sigrúnu Þórðardóttur umsjónarmanni skólabókasafns ásamt krökkum úr 6. bekk. Með þeim á myndinni eru Illugi Jónasson, Jens Brynjólfsson og Pétur Steinar Jóhannsson.

Myndina tók Guðrún Anna Oddsdóttir



GLEÐILEG JÓL

Við óskum Snæfellingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með þökk fyrir viðskiptin á árinu



Skógræktarfélag Ólafsvíkur gefur tré

Skógræktarfélag Ólafsvíkur gaf á dögunum fjölmörg tré sem standa víðs vegar um Snæfellsbæ. Félagið færði leikskólunum, grunnskólanum, þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi og dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri tré sem áhaldahúsið sá svo um

að setja upp. Trén standa nú vel skreytt og gleðja auga þeirra sem eiga leið hjá. Kvenfélag Ólafsvíkur fékk einnig efni í leiðisgreinar úr skógi Skógræktarfélags Ólafsvíkur.

JJ

Gleðileg jól

og farsælt komandi ár

Bestu þakkir fyrir viðtökurnar á árinu

Gerða Arndal
Muska Snyrtistofa



Sandholt 28, neðri hæð, Ólafsvík
www.noona.is/muska
gerdaarndal@gmail.com • S.787-1444



Týndu jólasveinarnir



Halló, ég heiti Axel og systir mín heitir Sóley. Komin var 11. desember og Stekkjastaur átti að vera komin til byggða. „Hvað ætli ég hafi fengið í skóinn?“ hugsaði ég. En þegar ég kíkti í skóinn var ekkert þar að finna. Þetta var skrítið, en ég þældi ekkert í því. Komin var 12. desember og Giljagaur átti að vera komin til byggða. „Ætli ég hafi fengið eitthvað í skóinn í nótt?“. En aftur var ekkert í skónum. Ég sagði við

systur mína: „Það er eitthvað að“ „ég veit“ sagði hún „viltu koma með mér uppá fjall?“ spurði ég, „já“ svaraði hún. Við löbбуðum og löbбуðum, svo heyrðum við kallað „HJÁLP!“ og við fórum þangað. Þar voru Stekkjarstuar, Giljagaur, Stúfur, Þvörsleikir, Pottaskefill, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir og Gluggagægir fastir ofaní holu. Þeir spurðu okkur hvort við gætum hjálpað þeim uppúr holunni. Við vorum mjög lengi að hjálpa þeim úr holunni. Við spurðum þá af hverju þeir gáfu okkur ekki í skóinn? Þeir svöruðu „við vorum fastir hér ofaní holunni.“ Við spurðum þá hvort þeir gætu hjálpað okkur að leita að hinum þremur jólasveinunum, þeim Gáttaþef, Ketkrók og Kertasníki. Þeir sögðust geta hjálpað okkur. Við löbбуðum í nokkra daga og nú var komin 22. desember. Þá spurði systir mín: „hvenær komum við?“ og þá heyrðum við aftur kallað „HJÁLP!“ Í annarri djúpri holu voru þeir Gáttaþefur og

Ketkrókur. Við hjálpuðum þeim uppúr holunni og spurðum þá hvort þeir gætu hjálpað okkur að finna Kertasníki? Þeir sögðust geta hjálpað okkur. Komin var 23. desember. Við vorum komin uppá fjall þar sem jólasveinarnir áttu heima. Jólasveinarnir sögðust halda að Kertasníki væri sofandi. Þá sagði ég „við þurfum að drífa okkur, klukkan er orðin sjö.“ En þá sá Grýla mig og systur mína, tók okkur og ætlaði

að borða okkur. En þá heyrðum við kallað „mamma, hvað ertu að gera?!“. Þetta var Kertasníki og hann sagði „ég þarf að gefa þeim í skóinn á eftir, þau eru ekki búin að vera neitt óþekkt!“. Síðan fóru allir jólasveinarnir með okkur heim og við fengum aftur í skóinn frá þeim öllum næstu jól. Endir.

Hilmar Þór Fannarsson, 9 ára



Jólasurningar



Sigrún Ólafsdóttir

Hvað kemur þér alltaf í jólaskap?

Ég kemst alltaf í jólaskap þegar við erum búnir að skreyta og snjókornin falla á allt og alla.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Hún er sú að þegar við frændsystkinin sátum á aðfangadag í tröppunum heima hjá ömmu og afa og opnuðum pakkana.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Mín uppáhalds er þegar öll fjölskyldan er saman og eigum notalega stund.

Besta eða eftirminnlegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Eftirminnlegasta gjöfin er dúkka sem ég fékk frá Gunna frænda mínum, hún gat talað þegar maður tosaði í spotta sem hún var með.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Það er hin heilaga þrenna humarsúpa-hamborgarahryggur-toblerone ís

Hvað finnst þér besta jólagjöf?

Nýja uppáhalds jólagjöf mitt er Hótel á aðfangadag með Baggalúti og Siggú Beinteins, þó að ég vilji nú ekki eyða aðfangadegi ein á hóteli.



Óskum Snæfellingum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Aðventudagskrá Snæfellsjökulsþjóðgarðs



Í tilefni aðventunnar ákváðu starfsmenn Snæfellsjökulsþjóðgarðs að bjóða fólki að gera sér dagamun í desember og skipulögðu viðburði sem áttu sér stað á laugardögum. Þann 7. desember var fjölskyldu samverustund á Malarrífi þar sem gestum

bauðst að taka þátt í laufléttum ratleik um svæðið. Eftir ratleikinn fengu allir kakó, piparkökur og grillaða sykurlúða. Veðrið lék við þátttakendur sem áttu yndislega fjölskyldustund saman. 14. desember var haldin barnstund með jólaívaði í Þjóðgarðsmiðstöðinni



á Hellissandi. Þá var í boði að fönndra fallega kertalukt úr umhverfisvænum efnivið. Eftir fönndrið fóru börnin í einskonaþingó áður en boðið var upp á heitt súkkulaði og óáfengt jólaglugg frá veitingastaðnum Matarlist.

JJ



**Gleotileg
jól**

Sendum okkar bestu óskir um
gleotileg jól og farsæld á nýju ári.
Þökkum gott samstarf á árinu
sem er að líða.

Kær kvefja,
Starfsfólk Grunnskóla Snæfellsþingar

Litlu jól Smiðjunnar



Föstudaginn 29.nóvember héldu starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar litla jólahátíð. Dagurinn hófst á morgunverði með heitu kakói á kantinum. Því næst skreyttu allir piparkökur í góðra vina hópi sem nýtast með kaffinu í desember. Litlu jól Smiðjunnar hafa verið með ákveðið þema síðustu þrjú ár. Dagurinn byrjaði í Smiðjunni og svo mættu allir í Klif á hádegi. Í ár var aðalrétturinn dýrindis læri, sætkartöflumús, sveppasósa og meðlæti.

Þórhéiður forstöðuþroskaþjálfari Smiðjunnar og eiginmað-

ur hennar hann Gummi útbjuggu matinn í tilefni dagsins, eins og síðustu ár. Að borðhaldi loknu komu Valentina tónlistarskólastjóri Snæfellsbæjar og Jenni tónlistarkennari og héldu litla jólatónleika fyrir hópinn. Þetta er fjórða árið í röð sem Valentina og Jenni eru hluti af litlu jólum Smiðjunnar og hafa þau svo sannarlega spilað inn jólaandann öll þessi ár. Starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar hlakka ávallt til að fá þau í heimsókn og deila jólagleðinni með þeim. Að tónleikum loknum var eftirréttur og pakkaleik-



ur sem sló í gegn. Það ríkti mikil gleði meðal allra og jólaskapið var ríkjandi. Í lok dagsins tóku

starfsmenn á móti sínum nánustu fjölskyldumeðlimum í kaffi og konfekt.



Óskum starfsfólki okkar og öðrum Snæfellingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Soffanías Cecilsson hf.
Útgerð - Fiskverkun



**RAUDAKROSSDEILD
SNÆFELLSBÆJAR**

*Raudakrossdeild Snæfellsbæjar óskar
íbúum Snæfellsbæjar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

Um leið viljum við vekja athygli á 1717 - hjálparsíma og netspjall Rauða krossins, þar er hægt að hafa samband vegna alls þess sem þér liggur á hjarta og fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi.

**+ HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL
RAUDA KROSSINS** **.is**
1717
Ókeypis • Trúnaður • Alltaf opin

Ekkert vandamál er of stórt eða lítið fyrir Hjálparsímann 1717 og netspjall Rauða krossins en árlega berast um 15 þúsund mál inn á borð 1717 sem eru jafn ólík og þau eru mörg. Hjálparsíminn er alltaf opin, trúnaði og nafnleysis og heitið og hann er ókeypis.

The Red Cross Helpline 1717 is a dedicated phone and chat for those who need someone to talk to in confidentiality.

No matter is too big or small for the helpline. Annually we receive about 15.000 contacts that are as diverse as they are many. Our volunteers are professionally trained, well-experienced and from all walks of life.

Żaden problem nie jest zbyt duży, lub zbyt mały dla Telefonu Zaufania 1717 i czatu internetowego Czerwonego Krzyża a co roku odbieramy około 15 tysięcy spraw, tak różnych jak jest ich wiele. Wyszukoleni i doświadczeni wolontariusze w każdym wieku odpowiadają na telefony 1717.

Jólastemming í Réttarskógi

Skógrættarfélag Ólafsvíkur og Kirkjukór Ólafsvíkur stóðu fyrir jólasamveru í Réttarskógi miðvikudaginn 18. desember. Um 60 manns mættu og nutu samveru í skóginum við ljúfa tóna. Eldur var í bálpönnu og úti-kerti lýstu upp svæðið en það skapaði ævintýrlega stemningu sem heillaði gesti. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur með. Kirkjukórinn söng fimm lög og krakkar lásu jólasögu auk þess að segja brandara í rjóðri skógarins. Jólaveinar mættu á svæðið til þess að taka stöðuna á krökkunum sem höfðu flest verið mjög þæg. Stemmingin var hátíðleg í skóginum þetta eftirmiðdegi.

JJ



Tónleikar Mugison

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er um þessar mundir að klára tónleikaferðalag sitt um landið. Setti hann sér það markmið að spila í 100 kirkjum í 100 póstnúmerum á innan við ári og er honum að takast það. Ferðalagið hófst í byrjun apríl á þessu ári og nú innan við 8 mánuðu síðar hefur hann spilað í 99 kirkjum og því aðeins einir tónleikar eftir af ferðalaginu. Segist Mugison lengi hafa verið heillaður af öllum kirkjunum á Íslandi, enda séu þær út um allt, í sveitum, bæjum og öllum hverfum. Hvert sem maður fer er kirkja, fallegar, dularfullar, kósý og

spennandi. Hannaði hann svið, ljós og hljóðbúnað sem hentar vel til að spila í kirkjum og mætir hann einn á tónleikana með nokkur hljóðfæri. Ingjaldshólskirkja var 98. kirkjan á röðinni og Búðarkirkja sú 99. en hann mætti vestur 12. desember eftir að tónleikunum hafði verið frestað um nokkra daga vegna veðurs. Vel var mætt á tónleikana og nutu tónleikagestir þess að hlusta á notalega tóna tónlistarmannsins í fallegum kirkjunum.

Meðfylgjandi mynd tók Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir á tónleikunum í Búðarkirkju.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis

óskar Snæfellingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is



*Snæfellingum óskum við
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.*

Opnunartími yfir hátíðar:

- 23. desember 08:00 - 17:00
- 24. desember 08:00 - 12:00
- 25. desember: Lokað
- 26. desember: Lokað
- 27. desember: 08:00 - 16:00
- 28. desember: Lokað
- 30. desember: 08:00 - 17:00
- 31. desember: 08:00 - 12:00
- 1. janúar: Lokað
- 2. janúar: Lokað

 Smiðjan
Fönix

Smiðjan Fönix
sími 436 6500
Smiðjugötu 6, Rífi

Annáll HSH 2024

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt hjá Héraðssambandi Snæfellsness og Hnappadals-sýslu.

Íþróttafólk ársins var heiðrað í byrjun janúar. Það fólk sem var kjörið að þessu sinni voru:

Skotíþróttmanneskja HSH

Arnar Geir Diego Ævarsson

Blakíþróttmanneskja HSH

Anna María Reynisdóttir

Körfuknattleiksmanneskja HSH

Aron Ingi Hinriksson

Hestaíþróttmanneskja HSH

Harpa Dögg Bergmann

Heiðarsdóttir

Knattspyrnumanneskja HSH

Ingvar Freyr Þorsteinsson

Kylfingur HSH

Sigurþór Jónsson



Arnar Geir Diego Ævarsson var kjörinn Íþróttmanneskja HSH 2024.

Að auki voru þau Gunnhildur Gunnarsdóttir og Magnús Ingi Bæringsson valin sem Vinnubjarkar HSH 2023 fyrir vinnu þeirra við Landsmót UMFÍ 50+.

Öll aðildarfélag fengu tækifæri til þess að tilnefna sjálfboðaliða úr þeirra félagi sem sjálfboðaliða HSH 2023 og var öllu þessu frábæra fólki veitt viðurkenningarskjal og blómvöndur fyrir þeirra ómetanlega starf.

UMF. Víkingur – Ægir Ægisson

Hestamannafélagið Snæfellingur – Erna Sigurðardóttir

UMF. Grundarfjarðar – Gréta Sigurðardóttir

Golfklúbburinn Vestarr – Helga Ingibjörg Reynisdóttir

UMF. Snæfell – María Alma Valdimarsdóttir

Golfklúbburinn Mostri – Vignir Sveinsson

UMF. Eldborg – Kristján Ágúst Magnússon

Árสปing HSH var haldið þann 11. apríl 2024 að Lýsuhóli þar sem almenn þingstörf fóru fram. Breytingar voru gerðar á lögum HSH en ný lög, árskýrslu og þinggerð má finna á heimasíðu HSH.

Mikil þátttaka var á meðal keppenda HSH á Unglingalandsmótin UMFÍ í ár en það var haldið í Borgarnesi. Rúmlega 50 keppendur tóku þátt í ár sem er töluvert meira en hefur verið síðustu ár. HSH keypti merktar derhúfur sem keppendum var afhent svo allir voru merktir. Almenn ánægja var með mótið, keppendur stóðu sig vel og voru héraðinu til sóma. Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir tók að sér að vera verkefnastjóri á landsmótinu í ár fyrir hönd HSH og stóð sig með þryði.

Í byrjun september stóð HSH fyrir Skyndihjálparnámskeiði fyrir þjálfara aðildarfélaganna í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi. Rauði kross Ís-

lands sá um að halda námskeiðið og var Gísli Pálsson leiðbeinandi. Námskeiðið var vel sótt. HSH stefnir að því að bjóða upp á skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara annað hvert ár að hausti til.

Í hreyfiviku Evrópu bauð HSH í samstarfi við ÍSÍ upp á fyrirlestur með Elísu Viðarsdóttur fyrir unglinga á Snæfellsnesi. Elísa er matvæla- og næringarfræðingur auk þess að vera landsliðskona í knattspyrnu.

Fyrirlesturinn bar heitið: Nær-ing fyrir heilbrigða framtíð.

Um miðjan október var formannafundur HSH haldinn í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Guðmunda Ólafsdóttir kom og vann að stefnumótun með formönnum aðildarfélaganna. Góðar umræður mynduðust og munu niðurstöður fundarins nýtast stjórn HSH og framkvæmdastjóra til að standa enn betur vörð um félagin.

HSH var útnefnt sem Fyr-

OPNUNARTÍMI Jól og Áramót

Porláksmessa	23.12	09-22
Aðfangadagur	24.12	10-14
Jóladagur	25.12	Lokað
Annar í jólum	26.12	12-17
Fimmtudagur	27.12	10-22
Föstudagur	28.12	10-22
Laugardagur	29.12	10-22
Sunnudagur	30.12	10-22
Gamlársdagur	31.12	11-15
Nýársdagur	1.1	Lokað
Fimmtudagur	2.1	10-22

SJOPPAN
ÓLAFSVÍK

Ólafsvíkur- og Ingaldshólsprestakall
Helgihald yfir hátíðarnar

Ingaldshólskirkja: Aftansöngur á aðfangadag kl. 16:30
Ólafsvíkirkirkja: Aftansöngur á aðfangadag kl. 18:00
Brimilsvallakirkja: Kertaljósagjöfþjónusta á jóladagskvöldi kl. 21:00
Ólafsvíkirkirkja: Aftansöngur á gamlársgagn kl. 16:00

Gleðileg jól

irmyndahérað ÍSí þann 15. október. Fyrirmyndahérað ÍSí er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi. Útbúin var handbók fyrir HSH með ýmsum gagnlegum upplýsingum, m.a. skipuriti, hlutverki stjórnarmanna, upplýsingum um aðildarfélögin, stefnum í ýmsum málaflokkum, lögum og reglugerðum ásamt fleiru. Hægt er að finna handbók HSH inni á heimasíðu HSH.

Í byrjun desember hélt Abler tvö netnámskeið, fyrir þjálfara og stjórnarfolk aðildarfélaga HSH.

Framkvæmdastjóri HSH leggur nú lokahönd á vinnu við móttökubækling fyrir börn af erlendum uppruna. Bæklingurinn verður hluti af móttökupakka sem börn af erlendum uppruna eiga að fá í hendurnar frá HSH þegar þau flytja inn á svæði héraðssambandsins. Þar munu þau fá í hendurnar íþróttapeysu þess ungmennafélags sem þau tilheyrja, auk annars varnings. Bæklingurinn verður gefinn út á fimm tungumálum, þ.e. íslensku, ensku, pólsku, úkraínsku og arabísku. Með móttökupakkanum er markmiðið að börnin finni sig velkomin og séu



fljótari að aðlagast samfélaginu í gegnum íþróttirnar.

Framkvæmdastjórar héraða á Vesturlandi ásamt starfsmönnum svæðisstöðva ÍSí og UMFÍ hafa myndað gott teymi. Unnið er hörðum höndum að því að samræma stefnur, vinnubrögð og annað sem kemur að héruðum. Þessa stundina er verið að

vinna að sameiginlegri agastefnu fyrir þjálfara á Vesturlandi auk skipulags á deginum Allir með á Vesturlandi. Allir með er samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSí, UMFÍ og ÍF) en verkefnið gengur út á að fjölga tækifærum á hreyfingu fyrir börn með fötlun. Stefnt er að því að halda Allir með á Vesturlandi á nýju ári, nánar auglýst síðar.

Að lokum þökkum við öllum þeim sjálfbóðaliðum og styrktaraðilum sem hafa staðið með okkur árið 2024 fyrir frábært samstarf og vonumst til þess að það verði enn betra á næsta ári.

f.h. HSH
Gunnhildur Gunnarsdóttir
Framkvæmdastjóri HSH

Sameiginlegt jólaball í Snæfellsbæ

Sunnudaginn 29. desember kl. 16.00 - 17.30
verður sameiginlegt jólaball á vegum
félagasamtaka í Snæfellsbæ.

Jólaballið verður á Klifi

Hefðbundin dagskrá:

Veitingar, jólasveinar og dansað í kringum jólatré.

Miðaverð er 500 kr. og enginn posi,
börn skulu vera í fylgd með fullorðnum.

Allir velkomnir - Góða skemmtun

Kvenfélag Ólafsvíkur
Kvenfélag Hellissands
Lionsklúbburinn Rán
Lionsklúbbur Nesþinga



Óskum öllum Snæfellingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

G.RUN



*Gledileg jól
og farsælt komandi ár.*

*Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.*

T.S.
Vélaleiga

Jólasurningar



Kolfinna Haraldsdóttir

Hvað kemur þér alltaf í jólasöpp?

Það er klárlega jólasnjór, jólaljós og jólalög.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Þær eru nokkrar en klárlega þegar við bjuggum á Fáskrúðsfirði og mamma var með okkur ein búin að vera á haus að þrifa og elda og pabbi var á sjó. Ég man svo hvernig húsið leit út

eftir pakkaflóðið það var út um allt. Og mamma greið dauðþreytt eftir þetta.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Þegar ég átti mín fyrstu jól á Akureyri. Allt á kafi í snjó og maðurinn minn að moka snjó svo allir kæmst leiðar sinnar til kirkju og ættmenna. Það var svo mikill snjór að það var allt ófært aftur eftir klukkutíma. Þetta var því líkt snjócoma og var æðislegt að upplifa þetta.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Reiðhjól sem Oddur bróðir færði okkur systkinum.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Hamborgarhryggur.

Hvað finnst þér besta jólagjöf?

Ef ég nenni með Helga Björns.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Óskum öllum gleðilegrar hátíðar
og gæfuríks komandi árs.

Útgerdin

utgerdin.shop

Tónleikar Tónlistarskólans

Jólatónleikar Tónlistarskóla Snæfellsbæjar voru haldnir mánudaginn 9. desember og fimmtudaginn 19. desember. Nemendur tónlistarskólans norðan heiðar stigu á svið ásamt kennurum í félagsheimil-

inu Klifi mánudaginn 9. desember og á Lýsuhóli fimmtudaginn 19. desember. Um 56 nemendur skólans tóku þátt í tónleikum þar sem þau spiluðu og sungu af hjartans list. Tónleikarnir heppnuðust mjög vel, nemend-

ur stóðu sig með mikilli þrýði og var góð jólastemning. Að venju stóð foreldrafélag skólans fyrir kaffihlaðborði að tónleikum loknum gegn vægu gjaldi en ágóðinn af því hefur stutt vel við tónlistarskólann í gegnum tíðina með kaupum á hljóðfærum og fleiru sem nýtist skólanum.

Eldri nemendur Tónlistarskóla Snæfellsbæjar héldu sína jólatónleika ásamt kennurum skólans mánudaginn 2. desem-

ber. Fóru þeir fram í Ólafsvíkirkirkju og voru hinir skemmtilegustu. 14 nemendur komu þar fram og ýmist sungu eða spiluðu á gítar, píanó, trommur eða bassagítar. Mikið af hæfileikaríkum nemendum stigu á svið og sýndu hvað í þeim býr. Kennarar og skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar óska öllum íbúum Snæfellsbæjar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

SJ



*Óskum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

Þökkum viðskiptin.



TÖLVUVERK
bókhaldsþjónusta



*Sendum starfsfólki og öðrum Snæfellingum
ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.*

*Þökkum samstarf og samskipti
á árinu sem er að líða.*

BREIÐAVÍK



*Kæru íbúar Snæfellsbæjar,
okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári*



TólaKveðja

BALATÁ

*Viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
óskum við gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Þökkum viðskiptin á árinu.

FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR

Sími: 431 3600 - fmsnb@simnet.is
Farsímar: 853 1002 & 853 1003



Framúrskarandi
fyrirtæki



Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Grundarfjarðarhöfn
Meginþjónustuhöfn Vesturlands



Þjónustuaðilar Grundarfjarðarhafnar:

DJÚPIKLETTUR



Grundarfjarðarhöfn

RAGNAR & ÁSGEIR EHF



G.RUN
NETAGERÐ

FISKMA



Snæís


Mareind
Siglingatæki - Sala og þjónusta


ARKAÐUR
ÍSLANDS

FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR 


VÉLSMIÐJA
GRUNÐARFJARÐAR

Ungmennafélagið Víkingur/Reynir

Ungmennafélagið Víkingur/Reynir hefur átt mjög gott ár. Við erum stolt af þeim greinum sem við bjóðum uppá en við erum með fótbolta- frjálsar- sund- íþróttaskóla og rafíþróttir. Iðkendum okkar eru í kringum 160 börn. Við erum með flotta þjálfara í öllum stöðum og erum byrjuð að leyfa eldri krökkunum að aðstoða við yngri flokka þjálfun sem hefur gengið mjög vel og er vonandi komið til að vera.

Stjórnin tók breytingum á árinu þegar Helga Guðrún og Selma kvöddu okkur eftir gott, farsælt og óeigingjarnt starf síðustu árin og inn fyrir þær komu Viktoría Kr og Hjörtur Guðmunds sem við erum spennt að vinna með áfram.

Við hlökkum til næsta árs með öllum snillingunum okkar. Ungmennafélagið Víkingur/Reynir óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Fyrir hönd stjórnar
Umf Víkings/Reynis
Tinna Ýr Gunnarsdóttir*



Leikskóli Snæfellsbæjar óskar börnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Með þökk fyrir góð samskipti og samvinnu á árinu sem er að líða.

Jólakveðja
Starfsfólk leikskóla Snæfellsbæjar

KG



KG. fiskverkun ehf.

*Snæfellingum og landsmönnum öllum óskum við
gledilegra jóla og farsældar á komandi ári*



Grunnskóli Grundarfjarðar á aðventu

Í aðdraganda jólnanna er í nógu að snúast og hafa grunnskólar það sem venju að hafa upp-brot í starfi í desember til að gera biðina og eftirvæntinguna bærillegri. Grunnskóli Grundarfjarðar er búinn að vera með margt á þrjónunum síðastliðinn mánuðinn. Vasaljósaganga, jó-laskógur miðstigsins, jólabókafloð grunnskólans, íþróttadagur, nátt-fatadagur, ratleikur og litlu jólin er á meðal þess sem nemendur og starfsfólk skólans hefur haft sér til dægrastyttingar og hefur gleði og tilhlökkun einkennt skólabraginn.

Vasaljósaganga

Hin árlega vasaljósaganga grunnskólans var farin 13. desember í dásamlegu veðri. Allir nemendur Grunnskóla Grundarfjarðar, leikskóladeildarinnar Eldhamra og starfsmenn gengu fylgtu liði í niðamykrri. Gengið var upp í skógræktina sem liggur ofan við bæinn. Þar komu allir sér vel fyrir með vasaljósinn og Brynjar Þór, nemandi í 9. bekk,

las upp skólasögu fyrir samnemendur sína. Eftir upplesturinn var haldið til baka og fengu allir heitt kakó og kex þegar komið var aftur í húsnæði skólans.

Jólaskógur

Miðstig Grunnskóla Grundarfjarðar, bæði nemendur og starfsfólk, bauð íbúum Grundarfjarðar og gestum í glæsilegan viðburð í skógræktinni sem liggur ofan við bæinn þann 17. desember síðastliðinn. Viðburðurinn bar nafnið Jólaskógurinn og er fjölbætt verkefni sem miðstig



skólans lagði mikla vinnu í. Búið var að búa til jólalegan ævintýraheim í skógræktinni þar sem gestir fengu að ganga í hópum á milli stoppustöðva en á hverri stöð var lítill leikþáttur. Í upphafi tóku Grýla og Leppalúði á móti gestum en síðar voru jólasveinar, álfar, grýlubörn og fleirri verur sem biðu á stoppustöðvunum. Á lokastöðinni var boðið upp á kakó og smákökur sem nemendur höfðu sjálf bakað. Mikil vinna fór í undirbúning Jólaskógarins en nemendur skiptu sér í hópa og sáu um skreytingar, bakstur, markaðssetningu og auglýsingar, tónlist, leikþætti og fleira. Allt er þetta hluti af námi og skólastarfi og skein metnaðurinn í gegn. Þetta er í annað sinn sem Jólaskógurinn er settur upp og í ár var veðrið heldur betur með nemendum í liði því það kyngdi niður jólasnjó í logninu til að gera upplifunina ennþá betri.

Pemadagar

Í desember er mikið um upp-brotsdaga í skólanum. Einn sá viðburður sem er alltaf haldinn í desember er íþróttadagur skólans. Á íþróttadeginum byrjar 7. bekkur daginn á að skipuleggja skemmtilega leiki í íþróttahúsinu fyrir nemendur í 3. til 6. bekk. Eftir það taka nemendur 10. bekkjar við og skipuleggja leiki fyrir nemendur í 7. til 10. bekk. Mikið fjör er hjá nemendum þennan dag og þjappar þetta hópinn saman. Jólafatadagurinn er svo haldinn þegar líða fer að jólum, í ár var hann haldinn 17. desember og mæta þá nem-

endur og starfsmenn skólans í flottum jólafötum. Nemendur í 1. til 4. bekk hafa síðastliðinn mánuðinn lesið bækurnar Stúfur hættir að vera jólasveinn og Stúfur leysir ráðgátu eftir Evu Rún Þorgeirsdóttir. Út frá þessum bókum fóru nemendur í 1. til 4. bekk í jólaratleik Stúfs sem byggir á skemmtilegum þrautum sem reyna á rökhusun, samvinnu og útsjónarsemi og höfðu nemendur mjög gaman af. Föstudagurinn 20. desember var svo síðasti skóladagur ársins og var þá kósýdagur í skólanum. Eftir hádegi voru svo litlu jólin þar sem nemendur dónsuðu í kringum jólartréð, gæddu sér á heitu súkkulaði og smákökum og skiptust á þökkum.

Jólabókafloð

Nemendur úr Grunnskóla Grundarfjarðar héldu Bókamesu í byrjun desember þar sem fjöldi rithöfunda lásu upp úr bókum sínum. Mikill fjöldi bóka komu út fyrir jólin og gerðu fjórir höfundar sér ferð til Grundarfjarðar til þess að kynna bækur sínar. Nemendur tóku höfunda á tal, höfundar lásu upp úr bókum sínum og seldu svo áritaðar bækur. Höfundarnir sem komu áttu það allir sameiginlegt að hafa nýlega verið búnir að gefa út barna- og unglingabækur fyrir þessi jól. Þetta voru þau Berggrún Íris Sævarsdóttir, Hjalti Halldórsson, Hildur Knútsdóttir og Embla Bachmann. Embla og Hildur fengu tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Kaffi 59

Starfsfólk Kaffi 59 óskar
viðskiptavinum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári

Þökkum fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða



Týndu jólasveinarnir



Þessi saga byrjar í Grýluhelli. Askasleikir var ný vaknaður og hann sá að hellir var tómur. Hann var ekki hissa, enda var hann algjör svefnpurka. Askasleikir fékk sér að borða og fór að búa til nesti til að taka á verkstæðið. Þegar Askasleikir kom á verkstæðið var enginn þar. Askasleikir var hissa. Það var bara 1. desember og enginn af

bræðrum var farinn til byggða. Askasleikir ákvað að kíkja aftur í Grýluhelli, kannski voru allir sofandi. Þegar hann var kominn í Grýluhelli kíkti hann í öll herbergin en enginn var í hellinum. Askasleikir var einn og yfirgefinn. Það var kominn 10. desember og Askasleikir ákvað að fara til byggða í staðinn fyrir Stekkjastaur. Þegar Askasleikir var búinn að fara til byggða fyrir Stekkjastaur fór hann að sofa. Askasleikir fáttaði að hann þurfti að pakka dótinu hans Giljagaur. Næsta dag fór Askasleikir til byggða í staðinn fyrir Giljagaur. Þegar Askasleikir kom heim ákvað hann að pakka fyrir Stúf í nótt. Næsta morgunn var Askasleikir mjög þreyttur hann ákvað að fá sér smá blund. Þegar Askasleikir vaknaði leit hann á klukkuna, klukkan var orðinn fjögur um nótt hann hafði bara þrjá klukkutíma til að gefa öllum börnum á Íslandi, hann dreif sig að ná í símaskrána og hringdi í marga foreldra og sagði

þeim að setja í skóinn hjá börnum sínum og að hringja í aðra foreldra. Askasleiki þurfti bara að setja í skóinn í Reykjavík og hann hafði bara einn klukkutíma til að gefa öllu Reykjavík í skóinn. Askasleikir var búinn með allt Reykjavík og það voru tíu mínútur þangað til klukkan varð sjö. Askasleikir fór að sofa strax þegar hann var kominn í Grýluhelli. Þegar hann vaknaði

sá hann að öll fjölskyldan var kominn þá fáttaði að allt þetta var allt draumur. Þegar Þvörusleikir og Pottaskefill voru búnir að setja í skóinn fór Askasleikir til byggða og allir voru glaðir.

ENDIR.

Gabriel Góí Jóhannsson



Jólasurningar



Vigfús Örn Gíslason

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Það er engin sérstök uppáhalds jólaminning bara hvernig jólin voru þegar ég var barn.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Það var Sjöferðabænin frá börnunum hans Sæsa árið 2001.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Svínahamborgarhruggur.

Hvað finnst þér besta jólagið?


Driving Home for Christmas komst í uppáhald þegar ég bjó í Ólafsvík og hlustaði alltaf á það á leiðinni suður þegar ég var kominn í jólafrí.

Hvað kemur þér alltaf í jólaskap?

Ég kemst í jólaskap þegar ég byrja að skreyta hjá mér seinni-partinn í nóvember.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Mín fyrsta jólaminning var þegar við fengum litasjónvarp á Þorláksmessu 1978.



*Utgerð og starfsfólk
óska ibínum Snafellsbæjar
glæðilegra jóla, árs og farsældar
á komandi ári.*

Ferð Kirkjukórs Ólafsvíkur til Suður-Tiról

Nú á haustdögum lögðu félagar Kirkjukórs Ólafsvíkur ásamt mökum land undir fót og fóru í skemmti – og tónleikaferð til Suður-Tiról. Þann 16. október var flogið til München og þaðan var tekinn langferðabíll sem fór með okkur í suðurátt í gegnum Bæjaraland og Austurríki lengra og lengra inn í Alpa fjöllin og yfir landamærin til Ítalíu. Áfangastaðurinn var hinn sjarmerandi bær Brixen. Eftir þennan langa ferðadag, var yndislegt að komast á glæsilega hótelið okkar sem bauð upp á öll þægindi og huggulegheit. Við fengum dásamlegan kvöldverð á hóteliinu og það var frábær stemning í hópnum sem var ein kennandi fyrir allt ferðalagið sem framundan var.



Næsta dag var á dagskrá að skoða Bozen höfuðborg Suður-Tiról og ferðast þangað með lest. Á lestarstöð í Brixen beið eftir okkur vinkona okkar og fyrrum kórfélagi Barbara Fleckinger sem bjó í 12 ár í Ólafsvík. Hún býr nú í Brixen ásamt

fjölskyldu sinni. Barbara hjálpaði okkur við að skipuleggja ferðina og var okkar leiðsögu maður alla dagana. Barbara gekk með okkur um miðbæ Bozen og sagði okkur sögu Suður-Tiról. Landssvæðið tilheyrði áður austurríska keisara-

veldinu en var innlimað í Ítalíu eftir fyrri heimstyrjöldina. Stór hluti íbúa Suður-Tiról á ættir að rekja til Austurríkis og talar þýsku.

Í Bozen var skoðað áhugavert safn um ísmanninn „Ötzi“

en lík hans sem talið er yfir 5.000 ára gamalt fannst ótrúlega vel varðveitt í fjöllunum á þessum slóðum. Eftir heimsóknina á safnið var frjálst tími í Bozen. Þar var gaman að rölta um, kíkja í búðir, á markaðinn og hvíla lúin bein á kaffihúsum.



Gledileg jól

og takk fyrir samskiptin á árinu!

Bogi Molby Pétursson
Löggiltur fasteignasali
699 3444
molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
Sími 510 7900 - www.fastlind.is

Um kvöldið var frábær stemmning á hótelnarum og veðrið svo ljúft að við gátum setið úti langt fram á kvöld.

Næsta dag fór Barbara með okkur í stuttan göngutúr til Klaustur Neustift. Á leiðinni þurftum við aðeins á regnhlífunum að halda en það var samt mjög þægilegt gönguveður og umhverfið fallegt þar sem trén skörtuðu dásamlegum haustlitum. Barbara kenndi okkur tvö þjóðlög á leiðinni sem við lærðum eins og skot og sungum eftir það við mörg tækifæri. Næst fórum við í mjög skemmtilega ostasmökkun, þar sem við fengum að smakka osta úr héraði og fengum fræðslu um hvernig ostar eru unnir og bragðbættir.

Þann sama dag fengum við líka formlega móttöku í Ráðhúsinu í Brixen þar sem bæjarfulltrúar tóku vel á móti okkur og sögðu frá bæjarfélaginu. Við fengum að fara út á þaksvalir ráðhússins þaðan sem við gátum notið útsýnis yfir allan bæinn. Svona móttöku fá einungis mjög frægir eða sérstakir VIP gestir í Brixen, eins og við!

Tónleikar okkar „Nordlichter in Südtirol“ voru ógleymanlegur hápunktur ferðarinnar. Við fengum að syngja tónleikana með frábærum karlakór



frá Brixen sem heitir „Männergesangsverein Brixen 1862“. Söngdagskráin hófst með því að við fluttum fjölbreytt íslensk lög úr öllum áttum. Veronica Osterhammer stjórnaði kórnum og kynnti lögin en Valentina Kay spilaði undir á píanó. Veronica söng íslenska lagið „Rósín“ í einsöng og sömuleiðis lagið „Augun þín“ en það fallega lag samdi Valentina Kay við ljóð Egils Þórðarsonar frá Ólafsvík. Tónleikagestir fögnuðu okkur innilega. Barbara Fleckinger tók einnig til máls og sagði skemmtilega frá sinni tengingu við Ísland og okkur. Þá tók við karlakórinn sem söng af mikilli fagmennsku og með einstaklega fallegum kórhljómi. Að lokum sameinuðust kórarnir og Veronica stjórnaði tveimur þjóðlögum frá Alpasvæðinu, raddirnar íslensku og suður-tírólsku hljómuðu vel saman og gengum við syngjandi út úr tónleikasalnum.

Karلاكórshélagar buðu okkur til veislu að loknum tónleikum þar sem við fögnuðum saman þessum vel heppnuðu tónleikum. Mikill áhugi er hjá karlakórnum „Männergesangsverein



Brixen 1862“. að endurgjalda heimsóknina og við hlökkum til að taka vel á móti þeim í Ólafsvík, vonandi bráðlega.

Síðasta dag ferðarinnar fór hópurinn með fjallakláf upp á

fjallið „Plose“ þar sem notið var dásamlegs og ógleymanlegs útsýnis yfir Alpana og Dolomita-fjöllin. Við sungum í fjallshlíðinni af gleði og nutum þess að vera í náttúrunni uppi á fjöllum.


Heim komum við öll endurnærð eftir skemmtilegt og lærdómsríkt ferðalag með góðum vinum.

Kirkjukór Ólafsvíkur

Deloitte.

Við óskum Snæfellingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir liðið ár!



Snjókarlinn



Einu sinni var snjókarl sem hét Snæfinnur. Það var ný búíð að búa hann til þegar það kom engill og svetti yfir hann dufti sem lét hann lifna við.

Snæfinnur fór þá að rölja um bæinn þar sem hann hitti krakka. Hann stóð kyrr þannig að krakkin myndi ekki sjá hann hreyfa sig. En svo þegar krakkin var farinn fór Snæfinnur aftur að hreyfa sig.

Þegar hann var búin að rölja í smá stund, kom snjóbolti í hnakkann á honum og svo bolti. Við það datt hausinn af Snæf-

inni, svo hann þurfti að taka hann upp og setja hann aftur á.

Snæfinnur snéri sér við og leit í kringum sig. Þar stóð lítill strákur og glápti á hann og annar krakki kom líka. Loks var komið helling af krökkum sem stukku á Snæfinn og við það varð hann aftur að hrúgu af snjó.

Krakkarnir ákváðu að búa aftur til snjókarlinn og stóð hann allan veturinn en hrayfðist aldrei meir.

Árelía Ósk Þorkelsdóttir
5. Bekk Lýsudeild GSnb.



Jólasurningar



Jón Steinar Ólafsson

Hvað kemur þér alltaf í jólasþap?

Ég er ofboðslega seinn í jólasþap en þegar ég mæti til hans Dóra í skötu í hádeginu á Þorláksmessu þá veit ég að jólin eru ekki langt undan.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Þegar Örvar bróðir fékk fjarstýrðan rafmagnsbíl í jólagjöf. Það sem mér fannst það sjarmerandi.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Það er einhvern veginn fast í hausnum á mér þegar mamma og pabbi voru að verka og sjóða rjúpunar.

Besta eða eftirminnlegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Ég mun seint gleyma þegar ég fékk Playmo sjóræningjaskip eða playstation 2... Það var gaman það kvöld.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Ég er alinn upp á rjúpum, finnst þær ekkert spes en það er viss kúltuvering að borða þær. Þannig rjúpunar fá vinninginn.

Hvað finnst þér besta jólagjöf?

Það er ekki jólag, sama hvað hver segir. En ég tengi það við desember og það er Ef Ég Nenni með Holy B.



Við óskum starfsmönnum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.

Kristinn J.
Friðbjólfsson ehf.



Sjávariðjan Rifi hf.



Jólatónleikar MÆK í Grundarfjarðarkirkju

Bekkurinn var þétt setinn í Grundarfjarðarkirkju fimmtudaginn 12. desember þegar sönghópurinn MÆK ásamt hljómsveit hélt glæsilega jólatónleika. Sönghópurinn Mæk skipa þær Amelía Rún Guðlaugsdóttir, Freyja Líf Ragnarsdóttir, Gréta Sigurðardóttir og Kristbjörg Ásta Viðarsdóttir. Stúlkurnar sungu hvert jólagið á eftir öðru og hljómsveit sem sett var saman af þessu tilefni lék undir. Hljómsveitina skipuðu Trausti Leó Gunnarsson, gítarleikari, Jón G. Breið-

fjörð Álgeirsson, trommuleikari, Jón Sindri Emilsson, bassaleikari, Þorkell Máni Þorkelsson, píanóleikari og Haukur Páll Kristinsson, hljóðmaður. Flytjendur á tónleikunum er allt ungt fólk af Snæfellsnesi og er óhætt að segja að enginn hafi yfirgefið tónleikana ósnortinn. Hópurinn uppskar mikil fagnaðarlæti að söngnum loknum og fóru allir tónleikagestir heim með jóli hjarta.

SJ



Jólabæðja frá Fornu-Fróða.

óskum ættingjum og vinum nær og fjar gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjustundir á liðnum árum

Síbba og Sigbór



Jólasurningar



Hafrún Björnsdóttir

Hvað kemur þér alltaf í jólaskap?

Ég baka alltaf sörur fyrir jólin og það kemur mér í jólagírinn.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Að vakna á aðfangadagsmorgun og horfa á jólabarnaefni.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Ég fékk eitthvert árið dúkku sem mig hafði langað mikið í og man enn gleðina sem fylgdi því.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Hringur sem dóttir mín gaf mér sem á stendur "mamma" er klárlega uppáhalds.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Léttreyktur lambahryggur á aðfangadag, annars er hangikjötið ómissandi og grafinn lax er alltaf eitthvað svo jóla líka.

Hvað finnst þér besta jólagagið?

Styttist í það með Baggalút er uppáhalds.

*Óskum Snæfellingum
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum samskiptin
á árinu sem er að líða*

V/S
Verkalýðsfélag
Snæfellinga



Grundarfjarðarbær óskar íbúum Grundarfjarðar, nærsveitungum og landsmönnum öllum gledilegra jóla og farsældar á komandi ári


Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða



Þeim fjölmörgu sem innt hafa af hendi óeigingjarna sjálfbodavinnu í þágu íbúa og samfélags er þakkað sérstaklega fyrir sitt dýrmæta framlag



Óskum Snæfellingum
gledilegra jóla og farsældar á nýju ári



Hárgreiðslustofa
Gunnhildar



RAGNAR & ÁSGEIR EHF



JÓNAS KRISTÓFERSSON
HÚSASMÍÐAMEISTARI



Viðburðaríkur desembermánuður



Líkt og undanfarin ár hefur jólamánuðurinn desember verið viðburðarríkur í leikskólum Snæfellsbæjar. Viðburðadagatal leikskólanna var fullt af skemmtilegum viðburðum á bæði Krílakoti og Kríubóli. Leikskólarnir voru skreyttir hátt og lágt með jólasakrauti og jólalegu föndri eftir börnin og á hverjum föstudegi klæddu börn á starfsfólk sig eftir jólalegu þema. Piparkökubakstur, jólaljósagöngur og kaffihúsa-stemming á leikskólanum var á meðal þess sem börnin gerðu

í upphafi desember. Þá fóru þau í kirkjuheimsóknir, börnin á Kríubóli heimsóttu Ingjaldshólskirkju og börnin á Krílakoti heimsóttu Ólafsvíkurkirkju. Þar hittu þau Séra Ægir Örn Sveinsson og sungu með honum nokkur vel valin jólalög. Börnin fóru einnig í gönguferðir og sungu jólalög fyrir fólk á förnum vegi, til dæmis á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri, í ráðhúsinu á Hellissandi og ýmsum fyrirtækjum. Börnin fengu heimsókn frá nemendum í 7. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar

en þau hafa heimsótt Krílakot reglulega í vetur með upplestur úr bókum. Mikil gleði ríkti á leikskólunum þegar Mönđu-meistari hveftrar deildar var krýndur en eftirvæntingin náði hámarki á árlega jólaballinu. Þá mættu börn og starfsfólk í sínum finustu jólafötum, dönsuðu í kringum jólatréð og sungu jólalög. Rauðklæddu vinirnir létu svo sjá sig og færðu börnunum pakka og góðgæti sem vakti mikla lukku.



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur

Happdrættismiðar í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur eru komnir í sölu, sölustaðir eru: Verslunin Kassinn, Verslunin Hrund og Hampiðjan.

Úrdráttur í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur fer fram í félagsheimilinu Klifi á aðfangadag kl. 11.

**Útgefnir miðar 2.500,
aðeins dregið úr seldum miðum.**

Lionsklúbbur Ólafsvíkur



Tónleikar í Pakkhúsinu

Fimmtudaginn 5. desember, eftir aðventugleði rekstraraðila í Snæfellsbæ, bauð Kirkjukór Ólafsvíkur til jólatónleika í Pakkhúsinu í Ólafsvík. Tónleikarnir báru yfirskriftina Syngjum saman inn jólin og áttu söngvarar og gestir þar nótalega stund saman eftir búðarráp kvöldsins. Kórinn flutti þar þekkt og vinsæl jólalög úr öllum áttum undir stjórn Veronicu Osterhammer og var Valentina Kay meðleikari. Um var að ræða samsöngstónleika en öllum gestum tónleikanna var velkomid að syngja með. Jólaglög, heitt súkkulaði og smákökur voru á boðstólnum og létu gestir virkilega vel af tónleikunum sem hringdu inn jólin í upphafi desember.

SJ



*Gleðileg jól og gæfuvíkel komandi ár.
Þökkum viðskiptin á liðnu ári.*



Útgerð Egils SH195 - Litlalón ehf.
óskar íbúum Snæfellsbæjar gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári

Aðventuhátíð í Ólafsvíkurkirkju



Aðventuhátíð Kvenfélags Ólafsvíkur var haldið fyrsta sunnudag í aðventu, 1. desember, í Ólafsvíkurkirkju. Var þetta tilvalið tækifæri fyrir íbúa Snæfellsbæjar til að hefja aðventuna

á notalegri stund í kirkjunni. Á aðventuhátíðinni lásu Marek og Lena Imgront upp jólafrásögn af sínum jólum, lesin var jólasaga og séra Ægir Örn Sveinsson fór með hugvekjju. Skólakór

Grunnskóla Snæfellsbæjar söng undir stjórn Veronicu Osterhammer og Nanna Þróðardóttir sá um undirspil. Sungu þau eins og englar og hringdu jólin svo sannarlega inn.

Að dagskránni í kirkjunni lokinni bauð Kvenfélag Ólafsvíkur til veitinga í safnaðarheimili kirkjunnar þar sem kirkjugestir áttu góða stund saman.

SJ

Mikolaj mætti í Klif á hlaupahjóli

Pólski hópurinn „Verum í sambandi“ hélt sinn árlega jólahitting í Klifi í desember. Að venju var mikil gleði þegar hópurinn kom saman þar sem börn með bros á vör sungu saman jólalög, fönndruðu, borðuðu jólamat að ógleymdum jólagjöfunum sem vekja alltaf mikla lukku. Mikolaj,

jólasveinninn, mætti á svæðið, sýndi listir sínar á hlaupahjóli og færði börnunum gjafir. Það var mikið hlegið og skemmt sér en þessi viðburður „Verum í sambandi“ á sérstakan stað í jólaundirbúningi meðlima hópsins. SJ



*Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól
óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum góðar stundir og alltaf velvilð á liðandi ári.*

Jólaþökk frá heimilis- og starfsfólki



DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ
Fellaskjól

Umferðargetraun lögreglunnar



Lögreglan á Vesturlandi fór í heimsókn í alla 5. bekki í sínu umdæmi á dögnum. Tilgangur heimsóknanna var að leggja fyrir nemendur skemmtilega umferðagetraun. Einn heppinn nemandi í hverjum bekk fær svo verðlaun en lögreglan mun

heimsækja viðkomandi nemanda á aðfangadag og afhenda verðlaunin. Nemendur stóðu sig allir með þryði og því spennandi að sjá hvaða nemendur fá skemmtilega heimsókn á aðfangadag.

JJ



Snæfellingum sendum við óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Tanlæknastofa Ara Bjarnasonar



**HAFNIR
SNÆFELLSBÆJAR**

Hafnir Snæfellsbæjar óska viðskiptavinum sínum og öllum íbúum Snæfellsbæjar gleðilegra jóla.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða, megi nýtt ár færa okkur aukinn afla og hagsæld.

*Hafnarstjóri
og starfsfólk hafna Snæfellsbæjar*



GLEÐILEG JÓL
OG FARSÆLT KOMANDI ÁR.

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN
Á LIÐNU ÁRI.



B.VIGFÚSSON EHF

Notaleg stund í Tröð á Hellissandi

Fjöldi fólks kom saman í Tröð á Hellissandi í síðustu viku til þess að eiga saman notalega fjölskyldustund. Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli stóð fyrir viðburðinum. Félagið er búið að skreyta nokkur tré í skóginum með litríkum seríum sem gefur svæðinu jólalegt yfirbragð og trekkir fólk að. Anna Þóra Böðvarsdóttir sagði börn-

unum jólasögu á meðan þau drukku heitt kakó. Krakkarnir fengu einnig að grilla sykurpúða á milli þess sem þau renndu sér í brekkunum. Þetta var dásamlegur jólaviðburður í opna skóginum í Tröð þar sem ungir sem aldnir nutu sín í fallegu vetrarveðri.

JJ



Aðventan á Sólvöllum



Það var nóg um að vera hjá börnum og starfsfólki á leikskólanum Sólvöllum í Grundarfirði í desember. Höfu þau jólaundirbúningin í nóvember þegar allar deildir leikskólans tóku þátt í

verkefninu Jól í skókassa og útbjuggu í sameiningu jólagjafir fyrir börn sem minna mega sín í Úkraínu. Í upphafi desembermánaðar buðu nemendur og starfsfólk í opið hús á Sólvöll-

um þar sem sýnt var frá verkum nemenda auk þess sem var boðið upp á að mála piparkökur eða jólaföndur. Vel var mætt á opna húsið og áttu allir notalega og hátíðlega stund saman.

efni í flæði. Þá völdu börnin sér stöð og flökkuðu á milli. Þar var meðal annars boðið upp á piparkökuleir, jólaleir, jólaföndur, sköpun úr verðlausum og fjölbreyttum efnivið, jólakúluföndur og kransaföndur. Þetta sló rækilega í gegn hjá nemendum leikskólans sem höfðu gaman af.

Leikskólastarfið í desember hefur þó ekki einskorðast við leikskólann en Drekadeild, Ugludeild og Eldhamrar gerðu sér ferð á kaffihúsið í Sögumiðstöðinni einn daginn og músadeildin, yngsta deild leikskólans, bjó sér til kaffihúsastemningu inná deild þennan sama dag. Desember náði svo hámarki þegar börnin komu saman í Samkomuhúsi Grundarfjarðar á júlabballi. Þar dönsuðu þau í kringum jólatréð og jólasveinarnir komu í heimsókn. Eftir ballið gæddu allir sér á smákökum og djús eftir vel heppnaðan dag.



Börnin hafa fengið mikið af skemmtilegum heimsókn-um en foreldrafélag leikskólans bauð upp á leiksýninguna Grýla og jólasveinarnir þar sem Þórdís Arnljótsdóttir lék og sagði frá jólasveinunum þrettán og foreldrum þeirra, Grýlu og Leppalúða. Þá kom Skólakór grunnskólans í heimsókn og flutti fyrir nemendur og starfsfólk ljúfa tóna ásamt hressari lögum sem að fékk hópinn til að taka nokkur dansspor og nemendur í 7. bekk Grunnskóla Grundarfjarðar kirtu á Sólvelli og lásu jólasögu fyrir börnin.

Uppbrot hefur verið í starfinu og mikill fjölbreytileiki, var til að mynda jólaflæði einn daginn þar sem allar deildir leikskólans sameinuðust í ýmis verk-

SJ

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum viðskiptin á árinu.



Kæru vinir nær og fjar,

Starfsfólk og leiðbeinendur Smiðjunnar dagbjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu, óskar þér og þínum gleðilegra jóla og farsælda á nýju ári.

Viljum við koma þakklæti okkar á framfæri fyrir veittan stuðning á liðnu ári sem hefur borist okkur til handa í formi endurnýtanlegra hluta, efnis og verkefna úr samfélagi okkar nær og fjar.

Stuðningur ykkar allra er mikilvægur þáttur í daglegu starfi Smiðjunnar.





Stafnafell ehf.

*Óskar öllum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*

Fiskmarkaður Íslands hf. óskar
viðskiptavinum sínum á sjó og landi
gleðilegra jóla, árs og friðar



GUÐMUNDUR JENSSON SH 717



Við óskum öllum Snæfellingum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs. Þökkum starfsfólki okkar og viðskiptavinum samstarfið á árinu sem er að líða.

Jóla kósý sund

Svæðisgarður Snæfellsness hefur staðið að kvöldopnun í sundlaugum á Snæfellsnesi reglulega síðustu ár. Í ár voru þessar kvöldopnanir teknar á næsta stig og bauð Svæðisgarðurinn til jóla kvöldopnunar í sundlaugunum í desember. Skreytt var með jóla ljósum, boðið upp á myntukakó og sögur sagðar í pottinum. Jólátónlist

ómaði og áttu sundlaugagestir notalegu samverustund saman. Rúmlega 40 gestir mættu í sundlaug Grundarfjarðar á tveimur tímum og yfir 60 gestir mættu í sundlaug Snæfellsbæjar á meðan á kvöldopnuninni stóð. Átti fólk þar notalega stund í stilltu veðri og góðum félagsskap.

SJ

*Snæfellingum óskum við
gleðilegrar jólahátíðar og gæfuvíks nýs árs.*

Þökkum viðskiptin á árinu.


PÓSTURINN



Aðventan á Jaðri

Aðventan hefur verið viðburðarík á Jaðri og erum við þakklát fyrir allar heimsóknirnar og viðburðina sem íbúar Snæfellsbæjar hana tekið þátt í að undirbúa og framkvæma.

3. desember síðastliðinn voru litlu jólin haldin hátíðleg á Jaðri. Þetta er skemmtileg hefð þar sem íbúar, matargestir og starfsfólk njóta jólaveitinga og góðs félagskaps. Anna matráður sá um matinn fyrir okkur í ár og borðuðu allir sig rúmlega fullsadda af guðdómlegum mat. Skálað var í sherrý í fordrykk áður en Sigrún forstöðukona bauð alla velkomna. Gerður las fyrir okkur notalega jólasögu og Valentína, Arna Dögg og Þorsteinn Jakobs spiluðu og sungu ljúfa tóna. Vigfús og Bjarni Ó. tóku einnig með þeim tvö lög sem vakti mikla kátínu. Jólasveinninn okkar kom með fullan poka af gjöfum sem hann úthlutaði til þeirra sem höfðu verið góðir. Sveinki var harður í ár en sem betur fer er aðeins gott fólk á Jaðri og því enginn sem fór tómhentur heim.

Konur úr Soroptimistaklúbbi Snæfellsness voru með jólabingó á Jaðri 8. desember og er það alltaf jafn vinsæl iðja. Vinningarnir voru glæsilegir að venju og því til mikils að vinna. Að bingó loknu buðu þær upp á heitt kakó og heimabakaðar jólakökur.

Skólakór GSNB kom á jaðar 9. desember og söng fyrir okkur ljúfa tóna. Veronika Osterhammer stýrði kórnum og Nanna Þórðardóttir spilaði á píano. Kórinn er greinilega búinn að leggja mikla vinnu í æfingar í vetur og sungu jólalög sem þau hafa verið að æfa. Daginn eftir fóru íbúar Jaðars í Þjóðgarðsmiðstöðina þar sem við fengum okkur kaffi og kökur áður en haldið var á jólaljósarúntum um Snæfellsbæ. Í fyrra fórum við í samskonar ferð og er okkur farið að finnast þetta ómissandi hluti af jólaundirbúningnum.

Krakkar af leikskólanum Kríla-koti hafa komið til okkar og sungið fyrir okkur uppáhalds jólalög sín og nemendur í 8. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar hafa einnig komið vikulega á aðventunni. Krakkarnir hafa sjálfir stjórnað hvað þau vilja gera á meðan heimsókninni stendur en tveir hópar lásu upp jólasögu á meðan hinir tveir kusu að spila á spil. Við þökkum þeim kærlega fyrir komuna og fyrir að fylla heimilið af hlýju með dásamlegum söng og samveru.

Konur úr Lionsklúbbum Rán komu færandi hendi í byrjun desember líkt og þær hafa gert undanfarin ár. Þær færðu heimilinu poka fulla af góðgæti en í pokunum leyndust jólasnákökur, allskonar konfekt, sherrý, baileys og púrtvín. Lionskonur sáu til þess að það væri til nóg af öllu því nauðsynlegasta yfir hátíðirnar. Skógræktarfélag Ólafsvíkur færði Jaðri einnig höfðingjalega gjöf annað árið í röð á dögnum. Gjöfin var jólatré sem stendur nú fyrir framan húsið. Við þökkum Skógræktarfélagi Ólafsvíkur kærlega fyrir tréð sem lífgar heldur betur upp á umhverfið okkar. Verslunin Kassinn hefur einnig í fjölda ára gefið heimilinu jólarósir og fleiri plöntur sem lífga upp á heimilið á aðventunni. Þegar Inga kemur með jólarósirnar þá vitum við að það er ekki langt í jölin og erum við öll þakklát fyrir þessa frábæru gjöf.

Við viljum þakka Snæfellingum fyrir allar góðu stundirnar á árinu sem er að líða með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.



Óskum Snæfellingum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári


GILBAKKI
KAFFIHÚS



Sóley saumar
Handverk og merkingar

SNYRTISTOFAN GLÓEY



*Sjálfstæðisfélagin
í Snæfellsbæ*




LANGAHOLT



*Lionsklúbburinn
Rán, Ólafsvík*



*Lionsklúbbur
Ólafsvíkur*



*Skotfélag
Snæfellsness*


Snævélar ehf.


Vegagerðin

Útgerðarfélagið Ingibjörg ehf.
INGIBJÖRG SH-174


Bílaaðstoð & Flutningar ehf
Car Assistance
S: 895 4558



*Soroptimistaklúbbur
Snæfellsness*

Annáll Ungmennafélags Grundarfjarðar

Á árinu hefur mikið verið um að vera hjá Ungmennafélagi Grundarfjarðar. Félagið leggur mikla áherslu á fjölbreytni og að reyna að höfða til sem flestra barna. Það var því ákveðið að bjóða upp á sjö íþróttagreinar þetta árið: Blak, fótbolta, fimleika, frjálsar íþróttir, badminton, rafíþróttir og íþróttaskóla. Iðkendaþjöldi hefur sjaldan verið jafn mikill og nú og fögnum við því. Þess ber að geta að við erum einnig að fá iðkendur frá öðrum sveitarfélögum í íþróttagreinar sem ekki er boðið upp á, á hinum stöðunum. t.d. blaki, fimleikum og stelpubolta.

Starfið gengur vel og erum við dugleg að fara á hin ýmsu mót. Í blaki hafa iðkendur okk-

ar farið á bikarmót á Akureyri og Mosfellsbæ, Íslandsmót á Húsavík og Neskaupstað og staðið sig mjög vel. Á nýju ári er svo seinni hluti Íslandsmótsins á Ísafirði og Húsavík svo það er nóg framundan. Þá var Alexandra Björg Andradóttir valin í landsliðshóp U17 og fór hún út með landsliðinu og keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í Danmörku þar sem stelpurnar lönduðu 3. sætinu. Meistaraflokkur kvenna í blaki skræði sig til leiks í 1.deild og fengum við því heimaleiki á ný eftir nokkurra ára pásu. Mikil stemning hefur myndast í stúkunni þegar það eru heimaleikir og sjá foreldrar og iðkendur í yngra barna starfi um sjoppu á leikj-

unum. Einnig erum við með lið í 6.deild og gekk vel hjá þeim á fyrsta helgarmótinu.

Í fótboltanum er einnig nóg um að vera, en þar fara flokkarnir á mót með Snæfellsnes samstarfinu og hafa okkar iðkendur verið duglegir að sækja á slík mót, bæði hraðmót á vorin, Faxaflóamót, Íslandsmót og stóru sumarmótin.

Frjálsíþróttakrakkarnir hafa einnig verið að fara á Silfurleikana og HSH mótin sem haldin eru.

UMFG átti einnig nokkra keppendur á Unglingalandsmóti í Borgarnesi og kepptu þeir í fjölmörgum greinum og stóðu sig mjög vel.

Í vor tóku börn og foreldrar þátt í vinnudegi á íþróttavellinum hjá okkur og var gaman að sjá hversu dugleg börnin voru að taka þátt.

Félagið fjárfesti í vor í nýjum mörkum á íþróttavöllinn svo við gætum spilað fótboltaleiki á vellinum okkar í sumar og bærin lagði mikla vinnu í að vinna upp völinn eftir að hann hafði

ekki verið mikið notaður á síðustu árum.

Á haustmísserum héldum við foreldrafund þar sem þjálfarar kynntu starfið, en þar sköpuðust skemmtilegar og gagnlegar umræður.

Félagið opnaði einnig nýverið nýja heimasíðu félagsins, www.umfgrundo.is, en þar geta foreldrar og aðrir áhugasamir skoðað fréttir úr starfinu, umfjöllun um hverja grein, stundatöflu og allar helstu upplýsingar um félagið.

Einnig fengum við Jako sport með okkur í lið og hönnuðum UMFG vörulínu, en iðkendur geta þannig verið merktir á mótum þar sem keppt er undir merkjum UMFG.

Framtíðin er björt og við tökum fagnandi á móti nýju íþróttarári.

*Bestu kveðjur,
Ingibjörg Eyrún - formaður UMFG*



Það eru ekki bara húsnæði og stærri skip sem eru skreytt fyrir jólin, Sverrir Karlsson tók mynd af þessari trillu í Grundarfirði á adventunni.



*Við óskum ibúum Snæfellsness
starfsfólki og viðskiptavinum gleðulegra
jóna og farsæls komandi árs*

*Megi nýja árið vera ykkur
hamingjuríkt og gjöfult.*



*Gleðilega hátíð
& takk fyrir árið.*

*Við hlökkum til að
taka á móti ykkur
á nýju ári.*

Starfsfólk Lysulauga

FLUGELDASALA Í METTUBÚÐ

SÖLUDAGAR:

Sunnud. 29. des. 16 - 22

Mánud. 30. des. 16 - 22

Þriðjud. 31. des. 10 - 16

Mánud. 6. jan. 16 - 18



LIONSKLÚBBUR
ÓLAFSVÍKUR

Desember í grunnskólanum

Desember hefur verið viðburðaríkur í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Jólatónleikar skólakórsins, bókaveisla grunnskólans, piparkökudagarnir, jólaútlit skólans, undirbúningur jóla og litlu jólin sjálf. Hilmar Már Arason segir viðburði skólans verða betri ár frá ári, í ár hafi gengið mun betur en í fyrra og miðar allt í rétta átt. Með jákvæðni samvinnu og lausnamiðuðu hugarfari hefur allt gengið frábærlega hjá starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Piparkökudagurinn

Fyrstu helgina í desember var piparkökudagurinn haldinn á starfsstöðvum grunnskólans. Á Lýsu var hann haldinn á laugardeginum en norðan Heiðar var hann haldinn á sunnudeginum. Er það óhefðbundið þar sem piparkökudagurinn er alltaf haldinn á laugardegi en í ár voru kosningar þann dag svo piparkökubaksturinn var haldinn á sunnudeginum í Ólafsvík og á Hellissandi. Þessi breyting virðist hafa mælst vel fyrir þar sem nemendur og aðstandendur mættu

vel og mikið var skreytt af piparkökum. Umsjón og skiplag piparkökudagsins er í höndum foreldrafélags Grunnskóla Snæfellsbæjar og á stjórnin og þeir foreldrar sem stóðu vaktina þakkir skilið fyrir gott skipulag um furlausa framkvæmd.

Jólaþema

Fimmtudaginn 12. desember var jólaþema í 5. til 10. bekk í grunnskólanum. Boðið var upp á fjölbreytt verkefni fyrir nemendur á þremur stöðvum. Á fyrstu stöðinni var Tarzan leikur í íþróttahúsinum á annari stöðinni var pappírsmót, könglar, jólasokkar og spilastöð og á þeirri þriðju voru málaðar krukkur og kertastjakar auk þess sem nemendur skáru út og steiktu laufabrauð. Að þessu sinni var lagt upp með samveru vinabekkjá þar sem eldri og yngri nemendur unnu saman að verkefnunum. Jólaþemað einkenndist af notalegri stund nemenda og starfsfólks í aðdraganda jólanna.

Jólaútlit GSNB

Útsending jólaútlits Grunnskóla Snæfellsbæjar fór í loftið 12. desember þar sem nemendur og starfsfólk spiluðu fjölbreytt og skemmtilegt efni fyrir hlustendur. Útsendingin stóð yfir í 5 daga og lauk miðvikudaginn 18. desember. Hlustendur gátu þar hlustað á bekkjarþætti 1. til 7. bekkjar, fjölbreytta útlit þætti frá nemendum á unglingsstigi og skemmtilega þætti frá góðum gestum eins og Leikfélaginu Laugu, Víking/Reyni, Slysavarnardeildum Helgu Bárðar og Sumargjöfum, Vigfúsi Kr Vigfússyni sem hélt upp á 100 ára afmæli sitt á dögum, leikskólum Snæfellsbæjar og yngstu deild Lýsu. Að venju höfðu nemendur tekið upp bráðskemmtilegar auglýsingar frá styrktaraðilum og fyrirtækjum á svæðinu sem gaman var að hlusta á. Umsjón jólaútlitsins er í höndum nemendaráðs Grunnskóla Snæfellsbæjar og tækniteymis útlitsins en nemendur vinna undir handleiðslu Hugrúnar Elíasdóttur og Halldóru Unnarsdóttur.



Áramótabrenna

og flugeldasýning björgunarsveitarinnar

**Að kvöldi gamlár dags á Breiðinni
kl. 18:00.**

Brennan verður hlaðin 28. - 31. desember.

Brennustjóri:
Hjálmar Kristjánsson
sími: 892 5301

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Landsbjargar

Slysavarnafélagið Landsbjörg
var stofnað árið 1999 og Sjóvá
hefur verið aðalstyrktaraðili
samtakanna frá upphafi.

Tryggjum öruggt samfélag.

